

Úttekt á sorphirðusvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Minnisblað



Unnin fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu sumarið 2019



Gerð var breyting á sorphirðu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. þann 1.5.2019 en þá hófst söfnun á lífrænum úrgangi. Áður hafði verið flokkað frá almennu sorpi, plast og pappi.

Gefið var út nýtt sorphirðudagadal í samvinnu við verkfræðistofuna Verkís og farið í umfangsmikið kynningarátak þar sem haldnir voru íbúafundir, gefin út bæklingur og ný flokkun og dagatal kynnt rækilega á heimasíðum sveitarfélaganna sem og á fésbókarsíðu Sorpstöðvarinnar. Skömmu áður en sorphirðunni var breytt átti að afhenda öllum heimilum á svæði Sorpstöðvarinnar ílát og ársbirgðir af maíspokum til að flokka lífrænan úrgang. Afhending tafðist í Rangárþingi eystra sem varð til þess að hnökrar urðu á sorphirðunni í upphafi breytinga. Með tilkomu nýja sorphirðudagatalsins breyttist sorphirðan á þann veg að plast og almennt sorp var tekið á 8 vikna fresti, pappi á 4 vikna fresti og lífrænn úrgangur í hvert skipti eða á 2 vikna fresti. Áður hafði sorphirðan verið með þeim hætti að almennt sorp var tekið á 2 vikna fresti og plast og pappi á 4 vikna fresti. Mikil viðbrögð urðu og eru enn við þessu nýja fyrirkomulagi á sorphirðunni, bæði jákvæð og neikvæð með tilheyrandi fjölda fyrirspurna og kvartana. Kynningarfulltrúar sveitarfélaganna hafa staðið í ströngu við að svara og til að bregðast við fyrirspurnunum var komið upp liðnum „spurt og svarað“ í Búkollu, ásamt því sem þeim er svarað beint á fésbókinni.

Framkvæmd úttektar

Eftir rúma tvo mánuði af sorphirðu skv. nýju fyrirkomulagi var ákveðið að gera úttekt á sorphirðusvæði Sorpstöðvarinnar. Markmið úttektarinnar var að kortleggja fjölda íláta, kanna flokkun í þau og aðgengi að þeim. Farið var í úttektina á tímabilinu 22. júlí til 2. ágúst þegar verið var að taka plast og lífrænan úrgang. Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Hulda Karlsdóttir og Nanna Fanney Björnsdóttir sáu um framkvæmd úttektarinnar ásamt bílstjóra sorpbílsins Þorvaldi Helgasyni sem var þá í afleysingum fyrir Andra Geir Jónsson. Í dreifbýli var úttektaraðili farþegi í sorpbílnum en í þéttbýlunum tveimur keyrðu úttektaraðilar á eftir sorpbílnum. Við hvert heimili var skráður fjöldi og gerð íláta, hvort flokkað væri og hvernig aðgengi væri að ílátunum og hvernig væri hægt að bæta aðgengi væri það óviðunandi. Í sumum tilfellum var tekin mynd af aðstæðum til að auðvelda úrvinnslu úttektarinnar.

Hið besta veður var við framkvæmd úttektarinnar og tókst hún mjög vel ásamt því að vera einkar fróðleg og lærdómsrík fyrir úttektaraðila.

Á hverjum degi á þessu tveggja vikna tímabili var upplýsingum um hvern einasta sorphirðustað í dreifbýli skráður í sérstakt excel skjal. Í þéttbýlunum voru einungis skráðir sorphirðustaðir þar sem fjöldi íláta var fleiri/færri en grunnett, aðgengi ábótavant eða flokkun í ólagi. Jafnframt var sett athugasemd ef vafi lék á um greiðslu sorphirðugjalda en fyrirtæki og sumarhús greiða ekki

sorphirðugjöld, einungis sorpeyðingargjöld og eiga því að koma sínu sorpi á grenndarstöð eða á Strönd á eigin kostnað.

Eftir úttekt þessa er nú til gagnagrunnur um fjölda íláta á hverjum stað sem eru mjög mikilvægar upplýsingar fyrir bæði rekstur Sorpstöðvarinnar og skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga sem og álagningu gjalda ár hvert.

Niðurstöður

Við framkvæmd úttektarinnar vakti athygli úttektaraðila að á meirihluta sorphirðustaða eru sorpmálin í mjög góðu lagi og kom fljótt í ljós að neikvæðu raddirnar eru sennilega bara háværar en ekki endilega margar.

Flokkun

Áberandi var að þar sem ekki var flokkað voru ílátin yfirfull og ástandið víða orðið slæmt. Ferðabjónusta utan þéttbýlis hefur notað þjónustu Sorpstöðvarinnar án þess að greiða sérstaklega fyrir, með breytingu á Sorphirðu lentu þar margir í því að ílát urðu yfirfull þar sem ekki var flokkað. Víða voru þó staðir með gistingu af einhverju tagi til sóma enda var þar vel flokkað. Víða í dreifbýli var ekki verið að nota lífræna ílátið og þegar rætt var við íbúa kom í ljós að margir eru með hænur, moltugerð eða hauga til að losa lífrænan úrgang. Á nokkrum stöðum var lífræna ílátið sóðalegt, yfirfullt og maðkað.

Aðgengi

Hvað varðar aðgengið þá var það mjög misjafnt. Helst var aðgengið slæmt undir Eyjafjöllum þar sem margir, sökum veðurs, geyma ílátin inni við eða í ófullnægjandi skýlum og plön við bæi víða lítil og þröng. Víða þurfti að fara langar leiðir að ílátunum, jafnvel á bak við hús. Margir virðast ekki hafa miklar áhyggjur af bílum í innkeyrslunum og víða var drasl, kerrur, vélar o.þ.h. fyrir ílátunum. Á mörgum stöðum eru ílátaskýli frumstæð, ílátin uppá tröppu, band, flekar, steinar yfir og fyrir ílátunum. Víða slást stórar trjágreinar í sorpbílinn með tilheyrandi skemmdum og sumar heimreiðarnar þarf að bakka mjög langt þannig að hætta getur skapast, sérstaklega þar sem börn eru að leik. Úttektaraðilar voru sérlega hrifnir af færni bílstjóra við að athafna sig á plönunum við þröngar og erfiðar aðstæður.

Losunartíðni

Í úttektinni kom fljótt í ljós að líklega væri of langt á milli losunar á almenna sorpinu og víða heyrðust þær raddir að einfaldara og hreinlegra væri fyrir fólk að fara með pappa á grenndarstöðvar eða á Strönd heldur en að draga pokana upp úr svörtu tunnunni. Þegar plastferðinni var um það bil að ljúka og fyrir lá að fara í pappaferð var ákveðið að breyta sorphirðudagatalinu strax á þann veg að almennt sorp, pappi og plast yrði tekið á 6 vikna fresti, þannig stýtt á milli losunartíma í almennu sorpi og plasti um tvær vikur en lengt í pappa um tvær vikur. Áfram yrði lífræna tekið í hverri ferð. Þannig að strax eftir verslunarmannahelgi, þann 6. ágúst var því almenna sorpið tekið í stað pappa sem færðist þá til 19. ágúst og svo koll af kolli. Gert er ráð fyrir að þessi breyting muni bæta ástandið á mörgum stöðum. Nýtt sorphirðudagatal verður gefið út með haustinu þar sem viðbrögð við rauðum dögum verða gerð sýnileg á samt því að sorphirðuleiðir verða skýrari.

Framhaldið og hugleiðingar úttektaraðila

Víða var stoppað og tekið hjá rekstraraðilum til sveita, s.s. í ferðþjónustu og búrekstri. Skv. gjaldskrá Sorpstöðvarinnar eiga fyrirtæki sjálf að sjá um að koma úrgangi sínum á losunarstað. Flestir stærri rekstraraðilar skipta við önnur sorphirðufyrirtæki um losun en aðrir gera það ekki og ætlast til að sorpbíllinn taki allann úrgang er fellur til hvort sem hann kemur frá rekstri eða heimili. Víða er verið að reka gistipjónustu samhliða heimili og því oft erfitt að greina heimilissorp frá rekstrarsorpi. Í búrekstri fellur til allskonar úrgangur, t.d. net, mjólkursíur, hólkar o.fl. sem flokkast ekki sem heimilissorp. Eftir standa þá spurningarnar: Hvar á sorpbíllinn á að taka sorp? Og hvar ekki? Og hvað á að taka? Þetta eru spurningar sem þarf að svara því samræmis þarf að gæta, svo allir sitji við sama borða við kaup á sorpþjónustu á svæði Sorpstöðvarinnar.

Skoða þarf misræmi í losun hjá fyrirtækjum í þéttbýlunum, t.d. var tekið hjá HSU á Hvolsvelli, lögreglunni, Kirkjuholi, sýslumanni, stjórnsýsluhúsi á Hvolsvelli en ekki í sambærilegum stofnunum og fyrirtækjum á Hellu. Vísað var í samninga við Gámaþjónustuna sem við nánari skoðun kveður á um losun á pappa hjá nokkrum rekstraraðilum.

Samhliða svörum við þessum spurningum þarf að endurskoða gjaldskrá Sorpstöðvarinnar og taka þá til skoðunar þau gjöld sem á íbúa og rekstraraðila eru lögð vegna sorphirðu og -eyðingu. Á mörgum stöðum þarf einfaldlega stærri eða fleiri ílát, sérstaklega ef niðurstaðan yrði að taka eigi sorp hjá rekstraraðilum til sveita. Hugsanlega væri hægt að láta ílátin kosta mismikið, t.d. að svartu ílátinu væri dýrara en hin.

Þá þarf líka að skerpa á mikilvægi þess að flokka rétt í ílátin. Ef blandað sorp er í grænu, bláu og brúnu ílátunum eru þau ekki losuð. Það er alveg skýrt og einfaldlega ekki hægt að gera því þá er flokkunin í sorpbílnum eyðilögð. Hins vegar er það oft gert þegar verið er að taka almennt sorp og almennt sorp er í öllum ílátum að þau eru öll tæmd, „núllað út“ eins og þeir á sorpbílnum kalla það. Því þarf að hætta og taka einungis það ílát sem við á í hvert skipti.

Þegar ákvarðanir við ofangreindum atriðum liggja fyrir er hægt að byrja að hringja í þá aðila sem skv. úttektinni voru með sorpmálin í ólestri. Í þeim samskiptum verður aðilum bent á leiðir til úrbóta, s.s. boðið fleiri eða stærri ílát gegn gjaldi, bent á atriði til að bæta aðgengi að ílátum og flokkun í þau og þeim kynntar reglur um aðgengi og flokkun. Jafnframt var víða til sveita fleiri tunnur en grunnsett og í þá þarf að hringja áður en ný gjaldskrá tekur gildi.

Núna þegar gagnagrunnur um fjölda íláta er orðin að veruleika verður pöntun og afhending íláta að vera í réttum farvegi svo þessar mikilvægu upplýsingar séu á hverjum tíma réttar. Öll afhending íláta skal skráð á viðkomandi heimili svo hægt sé að leggja á þau rétt gjöld. Nauðsynlegt er að beiðni um ílát og pöntun þeirra fari í gegnum Sorpstöðina en starfsmenn áhaldahúsa sveitarfélaganna sjái um afhendingu skv. skilmerkilegri beiðni frá Sorpstöðinni.

Úttektaraðilum þóttu starfsmenn á sorpbílnum helst til vanbúnir, sumir ekki með vettlinga og engin í sýnileikaklæðnaði. Nauðsynlegt er að starfsmenn sorphirðunar séu í fatnaði merktum Sorpstöðinni, s.s. sýnileika yfirhöfnum og með viðeigandi vettlinga. Þá er nauðsynlegt að koma þeim skilaboðum til aðila á Lækjarbakka að starfsmenn þaðan komi í viðeigandi klæðnaði.

Það er úttektaraðilum ljóst eftir þessa úttekt að starfsmenn sorphirðunar eru að vinna mjög mikilvægt og vanmetið starf. Í dreifbýlinu eru þeir alla jafna að stoppa á um og yfir 80 stöðum daglega og oft mikill hraði og gassagangur í losun í þéttbýlunum og oft óvanir starfsmenn með í för. Því er auðvitað mannlegt að stundum séu gerð mistök og finnst okkur viðbrögð íbúa við mistökum oft verulega ósanngjörn en kannski að sama skapi skiljanleg. Það er ljóst að mörgum íbúum er verulega misboðið ef þjónusta sorphirðunar klikkar á einhvern hátt og margir ausa úr reiði sinni á fésbókinni með tilheyrandi leiðindum. Því er nauðsynlegt að samskipti og skilaboð séu skýr og regluleg. Svör við kvörtunum og viðbrögð við mistökum verða að vera á einni hendi. Veita þarf skýrar og réttar upplýsingar um allt er viðkemur sorphirðunni, frávik í sorphirðudögum þurfa að vera kynnt rækilega, hlusta þarf á íbúa og reyna að fá þá í lið með okkur, því flokkun er töff og þjóðhagslega hagkvæm!

Rangárþing ytra, 4.9.2019

Hulda Karlsdóttir
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson